

## Kleifarvatn

### Samningur um veiði og fiskirækt

Hafnarfjarðarbæjar og Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar gera með sér svohljóðandi samning um nytjun Kleifarvatns:

#### 1. gr.

Samningstími er til 12 ára, frá 1. janúar 2004 til 31. desember 2015. Samningurinn skal endurskoðaður á þriggja ára fresti ef annar samningsaðili óskar þess, en annars fram lengjast óbreyttur. Þá er samningsaðilum einnig heimilt að segja samningnum upp með eins árs fyrirvara.

#### 2. gr.

Samningurinn veitir Stangaveiðifélagi Hafnarfjarðar einkarétt til veiða og fiskiræktar á samningstímabilinu, í samræmi við lög um lax- og silungsveiði og reglur sem veiðimálastjóri kann að setja.

#### 3. gr.

Stangaveiðifélagi Hafnarfjarðar er heimilt að selja félagsmönnum og öðrum veiðileyfi í vatninu.

#### 4. gr.

Veiðimönum er heimil umferð meðfram vatninu. Umferð ökutækja er einungis heimil á vegum eða vegslóðum, og allur akstur utan vega bannaður. Allar framkvæmdir varðandi bætta aðengi að vatninu og önnur mannvirkjagerð við vatnið er háð leyfi bæjarstjórnar og skulu einnig kynntar stjórn Reykjanesfólkvangs. Engar skyldur eða kvaðir hvila á bæjarsjóði varðandi slíkar framkvæmdir.

#### 5. gr.

Öll almennt notkun vélbáta á vatninu er óheimil. Stangaveiðifélagið hefur þó heimild til að nota vélbáta við rannsóknir, ræktun og takmarkaða netaveiði að hófðu samráði við bæjaryfirvöld.

#### 6. gr.

Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar þarf ekki að greiða fyrir afnotarétt af vatninu. Áformi félagið að stuðla að frekari rannsóknum á vatninu og lífríki þess, skal það gert í samvinnu við bæjaryfirvöld og sömuleiðis varðandi aðrar aðgerðir/framkvæmdir á svæðinu sem geta haft áhrif á lífríkið eða umhverfi vatnsins.

#### 7. gr.

Standi Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar ekki við ákvæði samningsins getur bæjastjórni einhliða fellt hann úr gildi. Að samningstíma loknum skal félagið hafa forgang til endurnýjunar samnings.

Hafnarfirði 30. janúar 2004

F.h. Bæjarstjórnar

F.h. Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar

	Skjalasafn _____
Bæjarráð	22.1.2004
Afgreitt	Bæjarráð samþykkir samningum fyrir sitt leyhi.



HAFNARFJARDARBÆR  
STJÓRNSÝSLU- OG FJÁRMÁLASVIÐ

Hafnarfirði, 26. janúar 2004.  
GB/ATH.


Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar  
Flatahrauni 29  
220 Hafnarfirði.

Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar 22. janúar sl. var lögð fram drög að samningi Hafnarfjardarbæjar við Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar um veiði og fiskirækt í Kleifarvatni. Samningurinn gildir frá 1. janúar sl. til ársloka 2015.

Bæjarráð samþykkti samninginn fyrir sitt leyti.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

  
Guðmundur Benediktsson, ritari bæjarráðs.

---

Ráðhús Hafnarfjarðar ✪ Strandgata 6 ✪ Pósthólf 100 ✪ 222 Hafnarfjörður  
Sími 585 5500 ✪ Bréfasími 585 5509 ✪ Kennitala 590169-7579

## Kleifarvatn

### Samningur um veiði og fiskirækt

Hafnarfjarðarbærar og Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar gera með sér svohljóðandi samning um nytjun Kleifarvatns:

1. gr.

Samningstími er til 12 ára, frá 1. janúar 2004 til 31. desember 2015. Samningurinn skal endurskoðaður á þriggja ára fresti ef annar samningsaðili óskar þess, en annars fram lengjast óbreyttur. Þá er samningsaðilum einnig heimilt að segja samningnum upp með eins árs fyrirvara.

2. gr.

Samningurinn veitir Stangaveiðifélagi Hafnarfjarðar einkarétt til veiða og fiskiræktar á samningstímabilinu, í samræmi við lög um lax- og silungsveiði og reglur sem veiðimálastjóri kann að setja.

3. gr.

Stangaveiðifélagi Hafnarfjarðar er heimilt að selja félagsmönnum og öðrum veiðileyfi í vatninu.

4. gr.

Veiðimönnum er heimil umferð meðfram vatninu. Umferð ökutækja er einungis heimil á vegum eða vegslóðum, og allur akstur utan vega bannaður. Allar framkvæmdir varðandi bætta aðgengi að vatninu og önnur mannvirkjagerð við vatnið er háð leyfi bæjarstjórnar og skulu einnig kynntar stjórn Reykjanesfólkvangs. Engar skyldur eða kvaðir hvila á bæjarsjóði varðandi súlikar framkvæmdir.

5. gr.

Öll almennt notkun vélbáta á vatninu er óheimil. Stangaveiðifélagið hefur þó heimild til að nota vélbáta við rannsóknir, ræktun og takmarkaða netaveiði að höfðu samráði við bæjaryfirvöld.

6. gr.

Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar þarf ekki að greiða fyrir afnotarétt af vatninu Áformi félagið að stuðla að frekari rannsóknum á vatninu og lífríki þess, skal það gert í samvinnu við bæjaryfirvöld og sömuleiðis varðandi aðrar aðgerðir/framkvæmdir á svæðinu sem geta haft áhrif á lífríkið eða umhverfi vatnsins.

7. gr.

Standi Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar ekki við ákvæði samningsins getur bæjastjórn einhliða fellt hann úr gildi. Að samningstíma loknum skal félagið hafa forgang til endurnýjunar samnings.

Hafnarfirði 30. janúar 2004

F.h. Bæjarstjórnar

F.h. Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar